

1868.
16. maí.

Íslandi, þá verði það ekki leyft samkvæmt ákvörðunum þeim, er áður giltu um þetta efni í konungsríkinu og enn gilda um það á Íslandi, að skip þau, sem félagið á, megi sigla með dönsku flaggi, og að það í öllu falli mundi koma í bága við ákvarðanir þær, sem settar eru fyrir konungsríkið í skrásetningarlögum 13. marzmán. þ. á. 1. grein, en þessi ákvörðun verður einnig gild á Íslandi, undir eins og búið er að lögleiða skrásetningarlögin á Íslandi, eins og gjört er ráð fyrir í 30. grein.

Um 2. spurningu. Það er ekkert því til fyrirstöðu, þegar útlent skip er búið að kaupa íslenskt leiðarbréf, að það þá komi með farm sinn við á löggiltum verzlunarstöðum á Íslandi, leggi hann upp og taki annan farm, en aptur á móti er ekki nein almenn heimild í íslenskum lögum til að sigla upp aðrar hafnir á Íslandi en hin löggiltu kauptún, til þess að bera þar vöru upp eða út, smbr. Opíð bréf 19. maímán. 1854, er fylgir hér með.

Um 3. spurningu. Stjórnardeildin fær ekki sæð, að neitt sé að öðru leyti því til fyrirstöðu, að fiskiveiðafélagið hagi sér í tæðu efni á þann hátt, sem það hefir vikið á.

6. júní.

23. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skuld Höfða kirkju til bús síra Ólafs Þorleifssonar.

Með bréfi dagsettu 28. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá síra Gunnari Ólafssyni, sóknarpresti að Höfða í Þingeyjar-sýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, og Guðrúnu Jónasdóttur, ekkju föður hans og formanns í braudinu, síra Ólafs Þorleifssonar, og fylgdi álitsskjal hlutadeigandi prófasts með bænarskránni; sækja þau þar um, að sér sem erfingjum síra Ólafs Þorleifssonar, formannsins í braudinu, verði endurgoldið

1868.
6. júní.

smátt og smátt af hinum árlegu tekjum Höfða kirkju 336 rd. 93 sk. skuld, sem síra Ólafur átti hjá kirkjunni, útaf því, að hann árið 1862, skömmu áður en hann dó, hafði látið reisa þar timburkirkju af nýju. Og hafði þær lagt til með, samkvæmt uppástungu prófestsins, að beiðendunum verði endurgoldnir af tekjum kirkjunnar allt að 150 rd. af skuldinni, og að upphæð þessi verði smátt og smátt færð til sem gjald í ársreikningum kirkjunnar, þannig, að prófastur ákveði eptir tilliti til hinna nauðsynlegu gjalda kirkjunnar, hversu mikið skuli endurgoldið á hverju ári.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þær kunngjörð það, að stjórnarráðið eptir atvikum ekki er mótfallið tillögum yðar í þessu efni.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lán handa Reykjavíkur kaupstað til vegagjörðar.

12. júní.

Í bréfi dagsettu 5. febrúarmán. þ. á. hafði þær, herra stiptamtmaður, beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þær samkvæmt bænarskrá frá bæjarstjórninni í Reykjavík til stiptamtsins hafði leyft, að taka megí að láni handa bæjarfélaginu allt að 400 rd. með þeim kjörum, að í næstu 28 ár verði borgaðir 24 rd. á ári, bæði sem vextir af láninu og uppi innstæðuna, þannig, að það að þeim tíma liðnum verði alborgað; er svo til ætlazt, að láni þessu verði varið til þess að gjöra veg um jörðina Hlíðarhús, sem er eign kaupstaðarins, og líka til þess, að gjöra ýmsar endurbætur á tæðri jörð, svo að þar megí úthluta lóðum til húsabygginga, sem svo mikill skortur er á í bænum. Og hafði þær takið fram í þessu efni, að einu leytinu að þessi ráðstöfun sé ekki að eins íbúum kaupstaðarins, sem nú eru, í hag, heldur einnig niðjum þeirra, og að þar á ofan sé búið að taka 800 rd. á fjárhagsáætlun bæjarfélagsins